Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1868-1943

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Einar Benediktsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Benediktarskjöl

Askja 5-4, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

April 4. 1913

Hermitage
Merton
Middlesex

Kæri vinur!

– Jeg hef lengi undrast þína löngu þögn – aldrei sjeð línu nje próförk, þangað til nú að [illegible] sendir mjer [illegible] um handritið: „Hrannir“ er fullortar. En jeg hef dregið að hreinskrifa stúfana sem liggja á við og dreif innan um blöð um hvert er. – Jeg settist niður í heimi [illegible] klukkur af ásetningi og byrjaði að skrásetja handritið handa [illegible] Kalligrafian [illegible] með hverri línu

3, NB Veklusyn allra sídast því á eptirkomni koma samanhangandi framhaldskvædi

hin fáeinar hendingar í sídboð en á undan þessu ætla ad prenta Egil Skallagrímsson (Skírnir) og Til Haldor sem er einhverstadar í Ingólfi NB Ystend.

bygdir af hamvitli þann 19. med Betrúin ... gera s.kr. það.

– Jeg hef heyrt margt um þessa nunnu óvöknandi samtali sem við áttum einn morgun á Öskjuhlíd á veginum frammdla heyrn þá eigi sídum betur um það.

Med vinsamlegri ... kvedju

Þinn E. Benediktsson

P.S.
Því ridist Ingólfur á Halldóri fremgri aklaudinum og sykumdinum manni? ... enki ... Benni.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Geitaskarði 24. febr. 1903.

Herra Einar Benediktsson

Með póstinum 4. jan munuð þjer hafa sent mjer 10 eintök „Landv." En eigi fékk jeg þau fyrri en 31. s. m. Það ég því eigi einu sent fyr en nú.
Með pósti 28. jan. senduð þjer mjer 5 eintök nr. 2 & 3. Eg dreifði þeim út. En því er misjafnt tekið.
Sendið nú eintök þessi hér á eftir: 1a Sigurði Sigurðssyni sýslunefndarmanni á Húnstöðum 1 eintak. Eg læt hann fá það sem komið er og hennar með næsta pósti. 2a Jónatan Jósafatssyni á Holtastöðum. 3a Brynjólfi Bjarnasyni kaupfélagsstjóra í Litladal. 4a til mín og eg held 5ta til sýslumanns Gísla

Eg vil ekki hafa inn heimta á hendi.
Efni blaðsins er víst í byrjun almennt fyrir litið.
Eg hef verið alla tíð síðan 1897 eindreginn Valtýs sinni. Álitið takandi hávaðist, að með ákveðnu laga fyrirmæli sem konungur Dana staðfesti fengist það ekki að lög vor yrðu annarstaðar en í ríkisráðinu lögð undir hans staðfestingu. Og ég bjóst án vafa við því, að eftir stjórnskipulegri venju og skoðun Dana og fleiri yrði þessari venju fylgt og því þótti mér að við réttast gerðum að kreifa eigi með laga ákvæði við þeirri praxis sem við gerðum að svo komnu sem minni máttar að þola nauðugir. En síst hugsaði eg svo, að

flokkur yðar sem með öllum stórpólitiskum vopnum treysti sér til að vinda alt úr höndum Dana, bara þegar búið að Estrups-Nellemanns og Rumps ráðaneytið væri alltíð og hvassað vinstrimanna ráðaneytið komið að, að þá mundi hann mega gleypa þann ungul sem íhaldsmesti hluta hefir í sögu Íslands verið beittur = þegar um sérstaði þess er að tala í löggjöf og stjórn.

Eg geri svo mikinn greinarmun á því, að verða að þola það á móti vilja okkar og samþykki — og hins að láta ginnast til að setja það inní stjórnarskrá okkar þegar hún í fyrsta sinn á að komast á lagagjörðar með okkar samþykki, að eg hef skoðað rétt álitið og rétt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mælt að við síðan 1874 höfðum
haft löggjafarþing, en mörði þetta
að lögum skaða ég við úr því
höfum aðeins ráðgefandi þing.
Ég er við báða flokka sár
óánægður, en ætti að vera þeim
minna við andvaltýna af því
mér þótti alt af hugsun þeirra
óheilbrigðari og meiri, svo að
þeim bar mér aldrei að vænta
þess sem til framtíðarheilla
horfði = að því er það kom í
bága við það sem Valtýingur
skildu að hyggilegt væri.
En því sameinuðu Valtýrar sig
svo eigi um að nema bezt og í réttu
ráðinu"? — Þreytta og við bjóðum við
nefildi og skömmir orsakaði það.
En samt áttu þeir allir að aftra

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Annars trúi ég því ekki að óreyndu að Alberti fari að leggja á máli stadf. framv. þó ákveðinu væri vikið á bug. Það væri dálagleg byrjun til hollrar samvinnu. Ég get þess als ekki til að óreyndu.

Dálagleg er réttlæting Austra með Grundvallarlaga-ákvæðunum. Við höfum helzt þurft að afsala réttindum okkur til að sama að þau lög gilta hér ekki á móti vilja okkar sem hér hafa aldrei verið birt. – Það er annars undarlegt hvað andstæðingar eru hamrammir í að hafa samvinnu í máli þessu fyrir Dönum á þann veg, eins og kappgjarnir drengir gera. Bara að vera í meiri hluta og hafa kapps um að beita þeim meðölum að hafa meginn með sér og klaga

svo aðfarir þeirra af samverka-
mönnunum sem þeim verður í
ráð við, fyrir þeim sem báðir
eru að sækja rétt sinn í hendurnar
á. Hvernig getið þér látið yður
hafa sómt að vera í slíku liði?
Eitt vantar blað yðar af
hugsanlegt ætti að vera að það
ætti nakkvað að geta á orkað, það
að málsmetandi menn út um landið
og í Rvík fleiri en það 1 réti:
það og setji nöfn sín undir.
Öyfgjunin hefði það pennavankið
Allir skoða það sem komið er
allt frá ykkur.
Skrifið mönnum privat og fáið
leyfi til að setja með nafni þeirra
það sem þeir svo skrifa yður
þó þér lagið „stílinn".

Ég er búinn að koma öllum Lögjafna
í 2ur bladadeildir svo hver maður fær
6 blöð. Landvörn er í báðum deildunum
Áminnan á máli þessu stendur vil
ég að öllum kjósendum gefist kostur
á að sjá og heyra sókn og vörn.
Og undarlegt þykir mér ef öllum
geðfellur þetta eða það er skaðað
lítils vert af meiri hluta hugsandi
manna. — Með öðrum orðum: á hvern
annan hátt geta Íslendingar innlimað
landið og þjóð þess í Danaveldi —
þeirra sem þar eru ráðandi, hvort
sem það eru hægri eða vinstri menn
sósíalistar eða hverskonar flokkar
sem þar ráða lögum og lofum og
hvað er að þessu búnu orðið úr
sérstöku landsréttindunum?
Segið mér bara hvað var hægt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eins og nú var ástandið í öllu tilliti
kostað að upplýsa til að gera markleust
sjálfur úr allri „frelsis baráttu"
Íslendinga, ekki einasta síðan 1880
heldur síðan 1851?

Fjárhags atriðið er lekur til funda
hja svo t. Og sá maður eða sá
flokkur sem kemur upp með það
sem nú er uppi á dagingum og
dirfist að gera það, þegar hann
þó veit að öll þjóðin er æpt
af þeirri meðvitund að allir lið-
andi menn séu að berjast fyrir
að fá aukna sjálfsstjórn landsins.#
hann mun þegar þau í sókir og
ráðin eru falldisht hamin í hendur
þess sem landið vill brúka en
eigi vernda, ekki hika við að
vinda að vettugi málllaust metoda.

# almennings grunaði ekki valdu fékk liðtaginna

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjálfur, enda mun það deyja, ~~þau~~ þegar
hér ætlar ekki á aðra að veða val.
Já Dönum má standa á sama hvað
Ísl. gjörma þegar þeir eru búnir
að láta þá lafa því upp á bréf sína
og hrú að gera ekkert án þess að
fá náðar samlegt leyfi, ekki einasta
danskrar stjórnar heldur og líka Dana
þegna til gera það. – Þó samt ekki
heimilt að bera neitt mál upp án
samþykkis Dana.

Jæja þá! Þetta er í fljót-
færni ritað og als ekki yfir lesið.
En ef þér finnið nokkuð það í
því sem leyfir að því að benda
mönnum á að gæta að hvað þeir
gera áður en þeir senda konungi
til staðfestingar þá stjórnarskrá
sem staðfestingu á vísa og niðjar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeirra eiga svo undir að lifa. Þá megið þèr birta þetta sem álit mitt.

Með mikilli virðingu og fölskvalausum hollu óskum kveð ég yður með alúð einlægni

Páll Þorkelsson

P. skr.

Helzt hefði ég nú óskað eftir samhljóða rödd frá allri Íslenzku þjóðinni er segði nú (1903) við stjórn Dana eins og Ungverjar sögðu 1861 við stjórn Austurríkis:
„Þjóðin vill þola líða og
„bíða, en rètti sínum sleppir
„hún ekki." – Virðingu og hlýjan
hug vil ég við berum til Dana. En að afsala oss til þeirra um alla ókomna tíð allri sjálfstjórn og gerast þar með skilyrðislaust þegnar þegnanna, það álít ég að vera nægt blóðsi til að hrekja menn af föðurjörðinni, þó verri sé verra en falla fyrir vopnum óvina.

Sami.

Selfossi dag
9 febrúar 1903.

Herra Málaflutningsmaður E. Benediktsson

Heiðraði málvin!
Með síðasta pósti voru mjer send 4 eint. af 1-3. af blaðinu "Landvörn" ekki veit jeg hvort jeg get feingið kaupanda að þeim öllum jeg tek 1 eint. Síðar læt jeg yður vita um það nánar.
Það er hjörtur klinter við þessa nýju stjórnarbót sem þegar er búið að semþykkja í fyrsta sinn —
Öll blöðin er jeg hefi náð í láta mikið vel yfirleitt yfir verkum síðasta þings en strax í haust þótti mjer ríkisráðsseti ráðgjafans okkar aungu betri en áður Hannes hjelt því fram á leiðarþinginu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að konungur skrifaði aldrei undir
nein lög og fyrirskipanir nema í
ríkisráði og mótmælti því einginn
Um þetta atriði hefur ekki verið
rætt öðruvísi en á þessa leið nema
það sem "Dagskrá" ræddi það á móti
Corpus juris. o.fl. en þær ritgerðir
eru nú í þjóðra höndum, heppilegast
var fyrir heimastjórnarmenn á síðasta
þingi, að fella orðin "í ríkisráði" í burtu,
en ekki hefði það að líkindum komið
að liði nema stór meiri hluti hefði
gert það. senda síðan stjórninni með
hinu samþykkta frumvarpi gott og
ýtarlegt samhuga álit hvers vegna
frumvarpi stjórnarinnar hefði verið
breytt — Jeg er á því einnig jeg gat um
við Hannes í haust að það hefði verið
hyggilegra — Anti Valtýingar hafa aldrei
játað þetta fyr. — Svo iðkar nú það
fyrir þessum bændum saman að

hin nýja stjórn verði dýrari; vegna þess
að hin gömlu embætti haldist lands-
biskups. amtmanns o.fl. — Um þetta
atriði verður rætt hjer á fundum í vor
og eins á þingmálafundi í vor.
Eggert í Laugardælum er smeikur —
jeg hef heirt að sumum heimastjórnar
mönnum á þingi hafi leiðst afdrifin
eftirá það er líka meini af ókunn þegar
mál þetta var rætt á fundi utan þings á
sama tíma sem það var fyrir þinginu —
Jeg sendi yður hjer með til upptöku
í blaðið "Landvörn" ef yður sýnist svo.
dálítinn brjefkafla, hann hallar á
Hornunganna flokkinn, jeg skýri aðeins
frá skoðun okkar bænda á þessu málinu.
Við viljum auðvitað meiri kosnað og
því síðar nokkurt rjettar afsal — vegna
baráttu anti Valtýinga síðan 61 gr. kjörs
og má vel vera að hún komi að liði
ennþá — þjóðin notaði hana eftir því

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem hún gat í vor í þeirri von að allt mundi nú fara vel.—

Ef „Landvörn" tekur greinina þá vil jeg náttúrl. ekki láta standa undir henni annað en er. en leiðrjetta eða stytta má, þar sem með þarf.

Jeg er að hugsa um, og við fleirri hjer að halda skemtidag fyrir Árnesinga á Þingvelli í vor. og er þegar farið að ræða. það, heyrst hefur að sumir af prestum vorum litist ekki á það hyggji að þar kunni að verða róstusamt. fyrirgefið flýtis párið. jeg get ekki skrifað fyrir pennaleysi

Yðar með virðingu

Símon Jónsson

N. B. brjef mitt til blaðsins má jeg ekki vera að skrifa upp aftur vegna annríkis S. J.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**JÓHANN JÓHANNESSON**

SKÓSMIÐUR.

Sauðárkrók 26 Jan 1903

Herra
Málfærslum. Einar Benediktsson
Reykjavík!

Eg hefi móttekið yðar heiðraða blað Landvörn. og jafnhliða af stjórn þess beðinn að selja það ef unnt væri: sem eg er ófáanlegur til. af því 1 að eg hefi yfirgnæfandi blaða sölu undir. og 2 að eg er fremur and. stæður blaðinu sökum stefnu þess. þar eg er einn af þeim sem vil í bráð una við þá stjórnarbót sem þegar fyrir liggur.
En til þess þó að greiða eitthvað fyrir blaðinu. hefi eg afhent það Real stud. Jónasi Sveinssyni hér og hefir hann lofað að gjöra tilraunir að útbreiða það. þess vegna væri heppilegt að bréf blaðinu viðvíkjandi gengju til hans hér eptir.

Með einl. virðingu
Joh. Jóhannesson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bergen 13/10 1926
Postboks 222

Herr Einar Benediktsson,

Reykjavik.

Idet jeg mindes de herlige Dage i Reykjavik og på Island forövrigt i Sommer maa jeg hermed faa Lov at fremböre en personlig Tak for al Elskværdighed og Opmærksomhed som blev vist mig.
Islandsferden hörer til mine beste Minder.

Siden man optog Arbeidet her efter Sommerferien har de norröne Spörgsmál indtat en bred Plads, og da ikke mindst Grönlandsspörgsmálet. Her er dannet et Norges Grönlandslag med Lokallag i forskjellige Byer og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

distrikter. Men Grønlandsnevnden i Bergen, som er valgt af fire forskjellige sammensluttede Organisationer her i Byen, staar udenfor, da man gjorde Indmeldelsen afhængig af at Landslaget optog Landsmålet som sitt officielle Sprog. Af dette vil De kanske faa et Begreb om hvor sterkt Sprogspørgsmaalet griber ind.

Foreløbig fortsætter man da Arbeidet paa hver sin Kant. Her i Byen har vi haft flere møder og drøftet de forskjellige Sider. Blandt andet har vi ogsaa haft fore de Synsmaader som er reiste af dem. Der er ikke taget noget Standpunkt til Forholdet Norge-Island idet man

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III

har taget Arbeidet først og fremst paa at faa Vaadgiftstraktaten med Danmark udsat endnu en Gang).

I Ordskiftet om de Islandske Synsmaader har man gjort mig det Spörgsmaal om Islendingerne har taget noget Hensyn til det norske Paastand om at Øst-Grönland & Ingenmandsland, og om de Islandske Krav gjelder baade Ingenmandslandet og de fra gammelt bebyggede Landsdele (Koloniriket paa Vest-Grönland). Dette har jeg ikke kunnet svare noget paa, da det ikke var nævnt i vaare Samtaler og jeg kann heller ikke finde noget om det i Deres artikler. Jeg tör

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

111

derfor höfligst forespörge om De skulde være tilböielig at give mig nogen Information om dette Spörgsmaal.

Som De kanske er opmærksom paa er Herr direktör Daugaard-Jensen for en Tid siden reist til Amerika og her satte vi det i Forbindelse med det meget omtalte Salg.

Det skulde være mig kjært at höre Deres mening ogsaa om denne Sak.

Idet jeg haaber paa Deres Meddelelser forbliver jeg

Deres meget ærbödige

L. Hjille

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigurðarstöðum 23. júlí 1915

Elsku góði Einar minn!

Þú mátt nú ekki fara að eins og seinast þegar ég skrifaði þér að hundsa mig, ég þoli það ekki, því ég á þá að nokkru leyti í þér lífstóruna og ekki einasta því heldur landið stendur í þakklætisskuld við mig fyrir það, því Guðir þín gjöra þig ódauðlegann. Nú vil ég njóta góðs af mælsku þinni í ábeandum máli, og sendi þér því öll Sigurðarstaða plöggin til þess að gaumgæfa og ef þú á annað borð vilt nú leggja vinnu í það, þá er ég viss um að ég sigra. Meðferð þess máls er frá byrjun endemis vitleysa. Hall-bráðir lét Müller mína selja um Kaupin, en ekki mig. Stjórnarráðinu þótti viðurhluta mikið að veita henni kaupréttinn, eftir því sem landritari Kl. Jónsson sagði mér, svo nokkru þeir hví drabbinn, sem á málinu varð til þess að selja um kaupin fyrir hreppinn, því tilgangur þeirra var að ónýta byggingu okkar og kasta okkur burtu, þannig fengu 2 kaupréttinn hjá sýslunefnd Malla mín fyrst og svo hreppurinn" en svo setti stjórnarráðið stappararm fyrir og vildi hvorugum selja, þá ruku þeir í þingið og þar komst Jón Magnússon að með sinni skáldskap sem honum er eðlilegri en sögu skáldskapur, hann laug þá fulla um góði Sigurðarstaða og þingið setti jörðina upp um £ 1000 kr (ég man ekki hvað) (það var niðri deild) þegar svona var komið, þá fór ég á kreik, hafði áður beðið Jóhannes og hann lofað að verða talsm. minn en gerði ekkert. Ég gat því komið því til leiðar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að það var svaft. Efir deild. Eg vona að þú hafir þig ekki langan tíma að setja þig inn í þetta mál, og eg veit að þú sem þekkir jörðina síð að það væri engi átt að virða hana á 7500 kr. einreg þingið gjörði. þeir sem í nefndinni voru skoruðu voru jörðinni ókunnugir og það hefur aldrei ráðið annað en illgirni að gjöra mér svona erfitt að fá jörðina keypta. Við gat aldrei komið til mála að setja á stofn skóla. Þú getur nú líklega fengið upplýsingar um það á aðrir stöðum um að landskuld Sigurðarstaða hefur til þessa tíma aldrei með 200 kr. og einsog þú veist þá er dúnverðið alltaf að breytast, og hann hefur fallið svo mikið stundum að það hefur ekki borgað sig að hreinsa hann; það er óþakklátt verk og ekki hægt að fá fólk til þess nema fyrir hátt kaup; svo skerða þeir síðustu útleyst að leig rétt varpeigenda þegar ekkert egg má selja. Einreg þú sérð þá lækkuðu yfirúttektarm. kaupverðið, og hefðu eflaust lækkað það meira ef dúninum hefði ekki þá verið í svo háu verði, en þrátt fyrir það, þá bið eg guð að hjálpa úttektarm. Það er víst satt sem Ján Ó. sagði eitt sinn á þingi, að þeir ættu allir heima á tugthúsinu. Þeir fóru ekkert eptir þeirri breytingu sem hefur orðið hér á varpinu, sem er þó aðalkostur jarðarinnar; hér fengust ~~varpið~~ yfir 50 pund af dún þegar eg var hér fyrir 15 árum en nú er hann ekki meira 34 pund, því það er rangt til fært í gjörðabók hreppsins að hann hafi verið 20 kíló, sem líklega stafar af því að Kútur gjörði orð með Daníel á Steinkof. hvað hann væri, en skrifaði ekki hreppstjóranum, en það auðvitað skiptir litlu, en hitt skiptir meiru að þeir virða húsin hér á 1800 kr. þá álagið sé liðugar 600 kr. þar sem hér er allt niður nýtt einreg þurft má virða, baðstofan 60-70 ára gömul einreg þú sérð á úttektinni sem eg sendi þér; og eptir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

henni um öll hús hér, veggir allir ónýtir og alstaðar hrip lekur.
Túnið lét ég mæla hér á dögunum og það er ekki fullar fimm
dagsláttur. Reki jarðarinnar er orðinn mjög lítill og gamall reka-
viður genginn svo til þurðar að ég gat ekki fengið við í eina húsgrind.
Mótekja hér er mjög gengin til þurðar, en virðingarm. taka ekkert slíkt
til athugunar, þeir setja það niður með aldar gamlar úttektar gjörðir
og miða vísdóm sinn við þær. Ég bað Sorsteim hreppstjóra
að gefa mér álit sitt um sölu Sigurðarstaða og legg ég það hér með
svo bað ég hann líka að segja mér afgjalds upphæð Blikal. sem er
1200 kr. minna virt eftir því sem mig minnir, en hann lét þess ekki
getið en segir mér í prívat bréfi hvað dómur hafi verið, ég sendi þér
það bréf ef þú álítur það hafa nokkra þýðingu að leggja það fram,
ef ekki þá eyðileggur þú það. og þó er það álitið hér að Blikal. og
Hardbakur sé allt of hátt virt, einkum Hardbak. Ég sendi nú beiðni
til þingsins hér með, um að lækka kaupverðið aftur í 5000, sem
er það fyllsta sem jörðin ætti að kosta. ég álít það beint vansæm-
andi fyrir þingið að vera að spekulera með jarða sölu, það sýnist
eðlilegast að fara eftir afgjaldinu, og það sagði landritari við
mig. Ef nú þessi beiðni mín til þingsins er klaufaleg orðuð
þá sendi ég til vara nafnið mitt á öðru blaði og bið þig að orða
beiðnina og getur þú látið Sigga minn skrifa hana, því ég
sé ekki að það sé neitt fals, ég er ekki vel heima í svona skrifum.
Mér hefur dottið í hug hvort ekki væri gott að biðja Björn Kristjáns
fyrir þetta mál, ég hygg að hann yrði með mér, því hann er víst
á móti því að spekulera í jarða sölu. þú ert nú annars vís að hitta
á þann besta svo þakka á þarfa hending. Ég skora nú á þig í nafni
als sem rétt er að fylgja þessu máli til sigurs, mig langar svo til að

fá jörðina keypta, svo hátt verði að gagga yfir alltaf hér, einkum síð
ní ennum umkringd af nákrákunum. Mér finnst eg sem prestekkja
ætti að fá jörðina með sanngjörnu verði, þar sem lög gjöfin hefur
farið ver með mig en flestar aðrar prestsekkjur, og fékk eingin eptirl
í 21 ár sem eg var ekkja og nú þegar eg fékk þau, þá er það aðeins
fyrir náð en ekki að eg hefði lagalegann rétt, sem eg hefði þó átt að
hafa, því lögin eiga að innifela réttlæti, og maðurinn minn var settur
prestur þegar hann dó, því hann þjónaði Svalbarði uppá eigin ábyrgð
og var á embætti; þegar hann lagðist banaleguna. Svo gjörði Einar
minn, og treysti því nú til hins besta, og láttu mig vita um þetta
það fyrsta óvissan er svo pínandi.

Vertu svo ásamt konu og börnum kvaddur með
ósk um allt gott.

Þín einl. vina
Guðrún Björnsdóttir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftir beiðni votta jeg undir
skrifaður sem var vinnumaður
á Sigurðarstöðunum 1912 til 13 að
heiskapur er þar víðáttu mikill
enn mikgið af honum svo arfur
i lltað skjennur lífa als ekki á
því nema með fóðurbætir et
þara lauster sem vanalega er
et þarf að gefa. því þar er eingin
bitfjara og lítið tún sem ekki
gjörir nema 90 vætir i meðalári
Svarp hulmunum enn 35 vætir
vas bölið af vegi óbrúlegt
jurðar húserú þar flest þegar
fallinn þessi lísing á ás og kunnu-
læi jarðarinnar er svo rjett sem
jeg framast get gefið

Bángastöðum í Kjelduhverfi
28 Juni 1914

Sigurgeir Petursson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með brjefi dags. 12 f. m. hafið þjer, háttvirta frú, beiðst meðmæla minna, sem umráðamanns ábýlisjarðar yðar, um að þjer fengjuð hana keypta, og jafnframt óskað álits míns um hvers virði jörðin sje.

Hvað fyrra atriðinu viðvíkur, þá sje jeg ekki ástæðu til annars, en mæla eindregið með því að þjer fáið Sigurðarstaði keypta. En um verðið, býst jeg við að umsögn mín hafi litla þýðingu, þar sem nú er búið að virða jörðina tvisvar – nú seinast af 4 mönnum, sem flestir eru jörðinni vel kunnugir – og svo hefir alþingi líka haft það mál til meðferðar.

Það er auðvitað ekki hægt að neita því, að Sigurðarstaðir er góð jörð að ýmsu leyti, þar eru talsverð hlunnindi, og í góðum árum er hún allgóð landbúnaðarjörð. En hitt má heldur ekki klappa yfir að hún, eins og Presthólahreppur yfirleitt, liggur norður við Íshafið, og fer því, fremur en flestar sveitir aðrar, að kenna á óblíðu náttúrunnar og afleiðingum hafíss og harðinda.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Og eptir því afgjaldi sem nú er á jördinni, sem er 15 pd. ædardúnn, eda verd hans í peningum eptir verdlagsskrá, þá er þetta söluverd sem nú er metid ofhátt, og jeg fyrir mitt leyti myndi hafa lagt afgjaldid til grundvallar fyrir matinu, samkvæmt 7 gr. laga 1907 um sölu kirkjujarda.

Hreppstjórinn í Presthólahrepp
Dadastödum 10 júní 1914
Árni Þorsteinsson

Frú Gudrún Björnsdóttir
Sigurdarstödum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með leyfi eg mér virðingarfyllst að snúa mér til hins háa Alþingis og beiðast þess að það athugi að nýju söluverðið á ábýlisjörð minni Kirkjujörðinni Sigurðarstöðum og lækki það ofan í 5000 Krónur sem er það fyllsta fyrir þessa jörð.

Eg leyfi mér að leggja fram úttektargjörð jarðarinnar árið 1895: Vottorð Sigurgeirs Péturssonar vinnumanns sem var nákunnugur heyskap hér og húsum, og vanur skepnu hirðingu: Yfirmatsgjörð vorið 1914 og álit núverandi umráðamanns jarðarinnar herra hreppstjóra Þorsteins Þorsteinssonar á Daðastöðum

Sigurðarstöðum 23. júlí 1915

Guðrún Björnsdóttir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigurðarstöðum 23. júli 1915

Guðrún Björnsdóttir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1895, 6 dag maím., voru hreppstjórinn í Presthólahreppi og Jón Árnason á Ásmundarstöðum úttektarmaður, staddir að Sigurðarstöðum á Sljettu, til þess eptir ósk prófasts Halldórs Bjarnasonar á Presthólum, að taka út nefnda jörð, eign Presthólakirkju. - Fyrir hönd afhendanda ~~dánarbús~~ jarðarinnar, dánarbús Guðnýjar sál. Skúladóttir var mættur Magnús Magnússon sonur hinna látnu, en viðtakandi er Cand. Páll Bjarnason, sem einnig var viðstaddur; ˈlíka umráðamaður jarðarinnar Halldór prófastur Bjarnason á Presthólum. - Hin síðasta úttekt jarðarinnar og byggingarbrjef fráfaranda er til sýnis.

Kom þá til álita:

No 1 Baðstofa, 13 al. löng 5½ al. breidd. Baðstofunni er skipt í tvo hluti með skilrúmi, eldri hlutinn er 7 al. á lengd með 6 sperrubörðum 4 al. á lengd hver sperruleggur, 1 alnar kálfi, með 5 skammbitum, 12 stöplum undir lausholtum 1 al. og 2 þml. á lengd, 2 höfuðbitar annar sundursagaður. Húsið er þiljað með skarsúð. Undir loptinu er fjós fyrir 2 kýr, 6 al. á lengd, 4 al. á breidd og rúmar 2 al. á hæð, loptbitar eru 4 og undirlög 2, allir endarnir hvíla á þrepinu. Á húsinu eru 3 glerglugga með 2 kvartislarúðum hver; í húsinu eru 3 rúmstæði föst, 2 fyrir stafni og 1 við hlið; inngangur í húsið er í þessum hluta baðstofunnar, með hurð á járnum. Húsið er að sögn milli 40 og 50 ára ~~gamalt~~ að aldri, og orðið mjög hrörlegt að viðum og veggjum og því eigi staðilegt. En hinn hluti hússins er 6 al. á lengd með sömu breidd og áður er sagt, með 8 stöplum undir lausholtum 1 al. og 10 þuml. á lengd hver, 4 sperruböndum með 1 al. kálfum, 2 höfuðbitum, annar sundursagaður (dyrabitinn), spjaldahurð á járnum skrálæst, í skilrúmsþilinu eru 2 skápar með hurð fyrir. Húsið er byggt fyrir 2 árum, og er alþiljað, með langböndum 3 á hvorri hlið undir reisifjöl, með 2 gluggum, annar með tveggja kvartislarúðum, en hinn 6 rúðuglugg á stafni hússins. Þessi hlutinn er vel staðilegur að öllu leyti. - Álag er metið Kr. 215.00

2. Búrhús, 7 al. lengd, 3½ al. breidd, 8 stöplar undir lausholtum, 3 bitum, 8 dvergum undir 2 mæniásum, þjetthept af greni, viðir eru fúnir og brotnir, veggir staðilegir, hurð á járnum skrálæst, húsið er þiljað sundur fyrir neðan miðbita, húsið er með góðu þaki. Álag er metið Kr. 50.00

3 Búrhús, 4¼ al. á lengd, 3½ al. breidd, 3½ al. á hæð, með 6 stoðum undir lausholtum og 1 mænistoð, 2 bitum og 4 dvergum undir 2 mæniásum, þjettreft af greni, með hurðarræfil á járnum, þak og veggir allgott, með einnar rúðu glugga á stafni.

Álag er metið 3.00

4 Eldhús 9½ al. lengd, 3½ breidd, 4¼ al. hæð, með 8 stoðum undir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

brúnásum, 4 bitum, 8 dvergum undir 2 mæniásum, Skjellreft og greni, með hurð á járnum. Húsið er gamalt, viðir eru miklir, en veggir allir af sjer gengnir. – Álag er metið Kr. 54.00

5. Göng, frá baðstofu til bæjardyra, 12 al. á lengd 1 5/8 al. breidd, 2 3/4 al. hæð, með 14 stoðum undir brúnásum, 6 bitum, 6 dvergum undir mæniás, Skjellreft, veggir gamlir og trjásetti bak við stoðir, göngin eru gömul og hrörleg. Álag er metið Kr. 54.00

6. Göng, úr aðalgöngunum til eldhúss, 7 al. lengd 2 al. breidd, 3 3/4 al. undir brúnása, með 6 stoðum undir nefnda ása, 3 bitum og 3 dvergum undir mæniásum; veggir og viðir hrörlegir. Álag er metið Kr. 40.00

7 Bæjardyr (dyraport) 8 al. 9 þuml. lengd, 6 al. breidd, 10 stöplar 4 al. hæð, 5 sperruborð 4 al. lengd, 5 loftbitar og 2 höfuðbitar, með skarsúð óheflaðri, alþiljað uppi á lofti, skilrúm með skálasti, hurð á járnum, er skiftir loftinu í tvo hluta; gluggar eru tveir uppi sinn á hvorum stafni, annar með 6 rúðum en hinn með 4 rúðum; hleri er fyrir uppgöngu og stigi upp á loftið. Slagþil er á framstafni hússins, frá sperrum ofan að aurstokk með glugga niðri með 1 rúðu, með hurð á járnum með loku og klinku; á bakstafni hússins er slagþil ofan að höfuðbita, niðri eru veggir dyraportsins klæddir utan á stöplana með bakborðum, nema á suðurhlið er engin veggur, en þilja innan á stöplum. Álag er metið með samþykki hlaðaðeiganda Kr. 30.00

8. Heyhlaða, sunnan við göngunum, 10 1/2 al. lengd, 3 1/2 al. breidd, 2 stoðir undir mæniás 4 1/2 al. hæð, 10 stoðir undir vegglægjum 2 3/4 al. hver, 2 stafnbitar með dvergum undir mæniás, súðin er Skjellreft, húsið er með hurðarfleti á járnum, húsið er gamalt og viðir fúnir og veggir gallaðir. – Álag er metið Kr. 130.00

9. Skemma, utan undir bænum, 6 1/4 al. lengd, 5 al. breidd 8 stöplar undir lausholtum 3 al. og 3 þuml. lengd hver, 4 loftbitar og 4 sperruborð 3 al. 2 þuml. á lengd, 3 langborð á hlið undir reisifjöl óhefladri og óplægðri, með 1 mæniás, gluggar á báðum stöfnum uppi, annar með 6 rúðum en hinn með tveim. Slagþil er á framstafni ofan í gegn að aursyllu, með hurð á járnum og loku, aðrar dyr að innan til bæjardyra, og slagþil fyrir bakstafni ofan að höfuðbita. Húsið er nýbyggt og því álagsfrítt

10 Smiðjuhús 6 3/4 al. lengd, 3 al. breidd, 6 stöplar 2 1/2 al. hæð undir 2 vegglægjum, 3 sperruborð, 2 langborð á hlið undir áreftis, 1 mæniás og 2 bitum. Slagþil er á framstafni ofan í gegn og á bakstafni ofan að bita, hurð er fyrir húsinu með snerlalokum; húsið er gamalt en allstaðar lagt að viðum, en veggir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

farið að bila. — Álag er metið Kr. 10. oo

11. Fjárhús, 11 al lengd, 5 al breidd, 11 stoðir undir vegglægjum, 6 mæniásum, með garða og garðaböndum, húsið er með áreftí, dyraumbúnaði, hurð á járnum, með hespu og keng í stafni, húsið er gott að viðum, en veggir gallaðir. Álag er metið Kr. 9. oo

12. Hlaða, 41 al lengd, 3¼ al breidd, 11 mænistoðir undir 1 mæniás 4 al lengd, 25 vegglægjustoðir 2¼ al lengd hver. Helmingur hlöðunnar er eign jarðarinnar — vesturhlutinn — sem er staðilegur að viðum og veggjum, en þak hrjálegt á suðurhlið. Álag er metið Kr. 15. oo

13. Fjárhús 12 al lengd, 5¼ al breidd, með garða og garðaumbúnaði, 12 stoðir undir vegglægjum, 10 stoðir undir mæniás, dyraumbúnaður með hurð læstri með loku, húsið er nýlega byggt og viðir góðir, en annar hliðveggur gamall og snaraður.
Álag er metið Kr. 7. oo

14. Fjárhús, sem kemur í stað fjárborgar, eptir samkomulagi milli hlutaðeigenda og umráðamanns jarðarinnar, 12 al lengd, 5 al breidd, 10 stoðir undir 2 mæniásum, 7 stoðir undir vegglægjum, húsið er stokkahús með garða og garðaumbúnaði og hurð lokulæstri; húsið er vel viðað og gallafrítt, og er því álagsfrítt.

15 Fjárhús, sem kemur í staðinn fyrir vantandi göng í bænum og nokkur leyti fyrir ofangreinda fjárborg; húsið er 12 al á lengd, 5 al breidd, 10 stoðir undir 2 mæniásum, 10 stoðir undir vegglægjum. Húsið er stokkahús með garða og garðaumbúnaði, og lokulæstri hurð; hús þetta kemur í stað ofangreindra jarðahúsa, eptir samkomulagi umráðamannsins og fráfaranda, en með því að húsið er eigi gallafrítt er álag metið Kr. 12. oo

16 Aðvarp jarðarinnar var skoðað og reyndist í góðri hirðingu, og húsið í sama máta.
Verður þá álagsupphæðin öll Kr. 629. oo
Uppí álag tekið eptir samkomulagi viðtakanda og fráfaranda
1 þiljur í baðstofunni 4. oo, Hlaða 5. oo Loft í skemmu og grindahjallur á hlað 8. 50 Kr. 17. 50
Ennfremur keypti viðtakandi af fráfaranda
Torfastaðahúsin, beitarhúsið með kofa og hlöðu og spítnarusl,
baðstofuþort og 2 rúm á — 76. oo
Fjárhús og hlöðuhelming — 45. oo
Við á jörðunni og rekanum allan — 111. oo
Hey öll á jörðu og þinghús á hlaði — 290. oo
Hesthús og tóukofa — 30. oo
Kaupverð ofangreindra muna kemur til afdráttar álaginu Kr. 569. 50

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Er þá kaupverðið alls . Kr. 569.50
Er þá ógreitt af álaginu = 59.50
sem umboðsmaður dánarbúsins greiðir viðtakanda síðar
eptir samkomulagi.
Þareð eigi var fleira að skoða, er úttekt þessari lokið
degi síðar en hún hófst.

Guðm. Jónsson Jón Árnason
Magnús Magnússon Páll Bjarnarson
Halldór Bjarnarson

Rjetta afskrift úr úttektabók Presthólahrepps
staðfestir
Þorst. Þorsteinsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS.**

Reykjavík, 26. janúar 1914.

Eptir móttöku brjefs yðar, heiðraða ekkjufrú, dags. 4. f. m., og með skírskotun til brjefs hjeðan 30. septbr. f. á., skal yður tjáð, að stjórnarráðið hefir ákveðið að láta ábýlisjörð yðar Sigurðarstaði fala frá næstkomandi fardögum að telja fyrir 7500 kr.. og verður afsalsbrjef útgefið, þá er þjer greiðið hjer lögáskilinn tíunda hluta kaupverðsins, og gefið út veðskuldar - brjef fyrir eptirstöðvunum með 1. veðrjetti í jörðinni, annað - hvort sjálf eða maður í umboði yðar vottföstu.

F. h. r.

E. u.

Eggert Briem

Til

ekkjufrúar Guðrúnar Björnsdóttur.

Sigurðarstöðum.

Norður-Þingeyjarsýslu.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Daðastöðum 15 júní 1914

Kæra vinkona!

Nú sendi jeg þjer umsögn mína um Sigurðarstaðina, þó hún hafi auðvitað enga þýðingu fyrir þig. Jeg vildi stíla hana þannig að þú gætir lagt hana fram með umsókn þinni ef þjer sýndist. Dúnninn á Blikalóni síðastl. vor er 43,4 pd (hæst 50 pd lægst 33) og á Harðbak er dúnninn sömu ár 32.6 (hæst 36 – lægst 30) Aðra jörðu er ekki til neins að hafa til samanburðar því þetta eru þær einu sem vissa hafa verið. Það er bara eitt ár 1904 sem dúnninn er svona lítill á Blikalóni annars aldrei minna en 40 pd síðan.

Jeg hefi engan tíma til að skrifa, því ýmislegt kallar að. Á morgun á að verða kaupfjelagsfundur og uppboð um kvöldið á einhverju rusli úr Söludeild, og er jeg á förum út eftir að taka það frá. Svo þarf jeg að vera kominn inn á Akureyri á föstudagskvöld, til að vera á sambandsfundi kaupfjelaganna, sem byrjar á laugardaginn. Fjekk ekki vitneskju um fundinn fyr en í gær, svo jeg get ekki send þjer hjer með útlekta gjörðina, en skal senda hana áður en þú ferð, því þú getur samið umsókn þína þó þú hafir hana ekki.

Fyrirgefðu flýtinn.

Beztu kveðjur frá okkur hjónunum til þín og fólks þíns

þinn einl.

Þórður Flóventsson(?)

Vildu afsaka blekklessurnar, meðan jeg skrifaði utan á brjefið hrifsaði litla [illegible] upp í stól á móti mjer og vann þetta.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar / Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við undirskrifaðir, sem með bréfi sýslumannsins í Þingeyarsýslu frá 13. þ. mán. erum útnefndir til þess, að gera yfirmat, samkv. lögum um sölu kirkjujarða 16. Nóv. 1907, á jörðina Sigurðarstaði í Presthólahreppi, vorum staddir þar hinn 27. Maí 1914, til þess að framkvæma matið.

Jörðin Sigurðarstaðir er 23,2 hndr. að dýrleika að nýju mati, og liggur norðarlega á Melrakkasléttu. Jörðinni tilheyrir allmikið og gott heiðarland. Langur reki fylgir henni, og rekur þar oft mikið af trjáviði. Útbeit er þar góð, þó tekið geti fyrir hana í verstu harðindavetrum. Þari er þar venjulega nægur, og er því fjörubeitin góð. Grjótahagar ágætir. Útheyskapur er mikill, en yfirleitt er hér fremur heylaust. Túnið, sem er afgirt með garðavír, er lítið en grasgefið; gefur það af sér í meðalári um 50 hesta af töðu. Auk þess fæst töluvert af fuglatöðu úr varplandinu, ca. 30-40 hestar. Mótekja er í landi jarðarinnar, en ekki góð.

Hlunnindi jarðarinnar eru allmikil. Varphólmar eru í vatni, sem er rétt við bæinn, og hafa fengist 16,1 kg af hreinsuðum æðardún úr þeim, að meðaltali næstl. 10 ár, samkvæmt framtali ábúanda til hreppstjóra. Síðastl. sumar gaf varpið af sér 20 kg. Silungsveiði er allmikil í Bæjarvatninu.

Samkvæmt síðustu úttekt jarðarinnar 6. maí 1895 eru jarðarhúsin 15 að tölu, og var þá metið álag á þau Kr. 629.00. Er það álit okkar að hús þessi í fullu standi geti ekki kostað minna en Kr. 1800.00.

Afgjald jarðarinnar er nú 7½ kg. af hreinsuðum ~~Stad~~-æðardúni. Álítum við að afgjald jarðarinnar sé oflágt í samanburði við afgjald þeirra jarða hér á Sléttunni, sem eru líkar að gæðum og Sigurðarstaðir, og ~~byggðar~~ leigðar hafa verið á seinni árum.

Kúgildi fylgir ekki.

Að öllu vel athuguðu, og eftir nákvæman samanburð á jörð þessari og öðrum nærliggjandi jörðum, er það sannfæring okkar, að virða Sigurðarstaði með húsum og öllum hennar gögnum og gæðum, er henni fylgja að réttu á Kr. 6500.00.

Sigurðarstöðum 27. Maí 1914.

Árni Árnason  Árni Kristjánsson

Daníel Illugason  Þorsteinn Jónsson

Varte

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aths.

Samkvæmt gjörðabók Presthólahrepps, sem ég hefi skoðað, hafa fengist 20 Kg af hreinsuðum æðardún úr varpinu á Sigurðarstöðum árið 1913, og eftir því er meðal þyngd dúnsins gerð að framan, en ábúandinn segir það hafa verið aðeins 17 Kg.

Í umboði hinna matsmannanna

Árni Kristjánsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um frumvarp til laga um sölu á kirkjujörðinni Sigurðarstöðum í Presthólahreppi (þingskjal 401).

Jörðin Sigurðarstaðir á Sléttu er gömul eign Múlakirkju í Aðaldal að einum þriðjungi, en að tveim þriðjungum Grenjaðarstaðarkirkju. Er hún 15 hundruð að forngildu, en 23,2 að nýju mati. Með bréfi kenslumálastjórnarinnar 19. febr. 186[illegible] var hún lögð til Presthóla, og þangað hefir hún lotið síðan.

Hinn 4. Ágúst 1907 byggir Halldór prófastur Bjarnarson í [illegible] [illegible] prestsekkju Björnsdóttur, systur sinni, og Marenu Lárusdóttur, systurdóttur sinni, Sigurðarstaði fyrir 15 punda eftirgjald af vel verkuðum æðardún.

Með bréfi dagsettu á Sigurðarstöðum, 31. Ágúst 1908, sækir Maren Lárusdóttir um það til ráðherra, að fá keypta ábýlisjörð sína Sigurðarstaði og samþykkir Guðrún móðir hennar þá beiðni með bréfi dagsettu á Sigurðarstöðum 1. Sept. sama ár.

Hinn 2. Júní 1909, lýsir sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu yfir því, að hún telur, að 2. gr. laga nr. 50 frá 16. Nóv. 1907, um sölu kirkjujarða, sé því eigi til fyrirstöðu, að jörðin sé seld réttum ábúanda, og að eigi sé ástæða til, að undanskilja nokkur jarðargögn við söluna. (Fylgiskjal 2). En þegar svo er komið, þá hefjast Presthólahreppsmenn handa og krefjast jarðarinnar til væntanlegs skólasetmrs, og felur hreppsnefndinni að framkvæma vilja sinn í því. (Fylgiskjal 3).

14. Júlí 1909 er jörðin virt, og telja virðingarmenn hana þá oflágt leigða hjá séra Halldóri, í samanburði við aðrar jarðir í grendinni, og þykir sem hún væri hæfilega leigð með 23 til 24 pundum æðardúns í eftirgjald, [illegible] [illegible] á 6600 kr. virði. (Fylgiskjal 5).

Hinn 23. Sept. 1909 sendir Halldór prófastur Bjarnarson stjórnarráðinu [illegible]ni Marenar Lárusdóttur, frá 31. Ág. 1908, um kaup á jörðinni og ályktun [illegible]ýslunefndar frá 2. Júní ásamt virðingargerðinni og öðrum gögnum. En kaup fengust eingin gerð. (Fylgiskjal 6).

18. April 1910 er samþykt í einu hljóði á hreppsfundi í Presthólahreppi, að fá Sigurðarstaði keypta fyrir barnaskólajörð (handa hreppnum), ef kostur væri á að fá hana (Fylgiskjal 8), og 25. sama mánaðar leggur sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu það til, að ábúandanum sé ekki seld jörðin, heldur Presthólahreppi. (Fylgiskjal 9).

12. Maí 1910 sækir oddviti hreppsnefndarinnar í Presthólahreppi svo til stjórnarráðsins um kaup á jörðinni til skólahalds, og getur þess jafnframt, að jörð þessi sé ein hin hentasta til þess, að skiftast í sundur í fleiri grasbýli. (Fylgiskjal 10). En af því að stjórnarráðið þóttist eigi hafa heimild til samkvæmt gildandi lögum að selja jörðina öðrum en ábúanda, skoraði hreppsnefnd Presthólahrepps á landsstjórnina með bréfi dagsettu 20. Nóv. 1910, að leggja málið fyrir næsta alþingi, til þess að reyna að fá lagaheimild hjá þinginu til þess að selja hreppnum jörðina. (Fylgiskjal 11).

Nefndin verður að líta svo á, af því sem nú er framkomið, að heimildin til þess að selja Presthólahreppi þessa jörð sé varla mjög vafasöm, eftir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. gr. í lögum frá 16. Nóv. 1907 um sölu kirkjujarða, og að það geti tæplega komið til greina, að selja ábúanda jörðina, eins og nú er komið málinu, alveg án tillits til þess, að konur þær, sem byggingarbréf hafa fyrir jörðinni, og kaupanna hafa beiðzt, hafa nú um hríð dvalið langvistum í Reykjavík, og önnur þeirra verið þar bæjarfulltrúi og er það enn. Hinn eiginlegi ábúandi Sigurðarstaða mun því hafa verið prófasturinn í Presthólum nú hin síðustu árin. En úr því að stjórnarráðið hefir eigi talið heimild til sölunnar skýlausa, hefir nefndinni ekki sýnzt að víkja málinu til landsstjórnarinnar, heldur leggja það til eftir atvikum, að það sé afgrett frá þinginu í lagaformi. Hitt getur verið álitamál, hv[illegible] ábúendum sé ekki heimil lífstíðarafnot jarðarinnar samkvæmt bygging[illegible] frá 4. Ág. 1907, sé það [illegible] lögf[illegible]mlegt (Fylgskj. 12).

Annað mál er það, hvað sé hæfilegt verð á jörðinni. Virðingarmenn hafa talið hana 6600 kr. virði. Flestum sem til þekkja ber saman um það, að jörð þessi sé ein af hinum beztu og gagnsömustu hlunnindajörðum þar um slóðir, landmikil, tún grasgefið, en ekki stórt, útslægjur miklar, en heyfall miður gott, útbeit góð og fjörubeit ágæt, trjáreki mikill, silungsveiði allmikil, en vatnsból þykir ekki gott á jörðinni. (Fylgiskjal 5—6). Æðarvarp er á jörðinni býsna mikið, en þó nokkur áraskifti að því eftir tíðarfari, ísum og öðrum atvikum. Á árunum 1899—1908 fengust á Sigurðarstöðum frá 25—51 pund dún. (Fylgiskjal 4, 7).

Eftir skýrslu prestsins hefir meðaltal eftirgjalds af jörðinni 1898—1908, sem greiddist með 15 pundum dúns, verið 151 kr. 97 a. á ári (Fylgiskjal 1). En virðingarmenn telja þann leigumála oflágan og segja jörðina hæfilega bygða fyrir 23—24 pd. dúns í eftirgjald, svo sem fyrri greinir (Fylgiskjal 5). Nefndin verður og að líta svo á, þegar gætt er allra hlunninda og gagnsemi jarðarinnar, að hún sé ekki of hátt virt á 6600 kr., sem virðingarmenn gera hana, heldur muni óhætt að færa verðið töluvert upp úr því, og hefir þ[illegible] að gefinn væri kostur kaups á henni fyrir 7500 kr., og ekki undir því.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykt óbreytt að öðru en því að fyrir »6600 kr.« komi: 7500 kr.

Neðri deild Alþingis, 21. apríl 1911.

Björn Sigfússon,
formaður.

Jón Þorkelsson,
skrifari.

Eggert Pálsson.

Pétur Jónsson.

Hálfdán Guðjónsson.

Benedikt Sveinsson,
framsögum.

Stefán Stefánsson Eyf.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Fylgiskjöl.**

1.

**Skýrsla**

yfir eftirgjald eftir Sigurðarstaði árin 1898—1908.

| Fardagaár | eftirgjald | 10 ára meðalverð landsskuldarinnar |
|---|---|---|
| 1898—'99 | kr. 133,20 | |
| 1899—'00 | — 136,20 | |
| 1900—'01 | — 137,85 | |
| 1901—'02 | — 164,10 | |
| 1902—'03 | — 165,00 | |
| 1903—'04 | — 162,90 | |
| 1904—'05 | — 163,20 | |
| 1905—'06 | — 145,95 | |
| 1906—'07 | — 149,25 | |
| 1907—'08 | — 162,00 | |
| Samt. 10 ár | kr. 1519,65 | kr. 151,97 |

Presthólum, 31. ágúst 1908.

Halldór Bjarnarson.

Tölul. 3.

Lagt fram í aukarétti Þingeyjarsýslu, Húsavík 4. sept. 1909.

Steingr. Jónsson.

2.

**Útdráttur**

úr aðalfundargerð sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu að Ærlækjarseli 2. júní 1909.

... ... ...... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ...

15. Lagði oddviti fram og las upp umsókn Marenar Lárusdóttur á Sigurðarstöðum á Sléttu, til stjórnarráðsins, um kaup á þeirri jörð, dagsetta 31. ágúst 1908, afgreidda til oddvita sýslunefndarinnar með bréfi frá 16. des. f. á. en afhenta honum nú á sýslunefndarfundinum. Fylgdu þessum bréfum ennfremur byggingarbréf fyrir jörðunni dags. 4. ágúst 1907 til handa umsækjanda og móður hennar frú Guðrúnar Bjarnardóttur í Reykjavík.

Sýslunefndin lýsir yfir því, að hún telur að 2. gr. laga, nr. 50, frá 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða sé því eigi til fyrirstöðu, að jörðin sé seld réttum ábúanda, og að eigi sé ástæða til, að undanskilja nokkur jarðargögn við söluna.

... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ...

Réttan útdrátt staðfestir

Skrifstofa Þingeyjarsýslu, Húsavík, 6. september 1909.

Greitt inn 25 —
tuttugu og fimm aur.
Stgr. J.

Steingrímur Jónsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3.

Vér undirritaðir búendur og gjaldendur Presthólahrepps, lýsum því hér með yfir, að það er vilji vor að fá jörðina Sigurðarstaði liggjandi á miðri Melrakkasléttu keypta handa hreppnum sem fyrirhugaða barnaskólajörð og höfum vér falið hreppsnefndinni að framkvæma vilja vorn í þessa átt.

Presthólahreppi, í júnímán. 1909.

Árni Árnason (oddviti). Guðni Kristjánsson, bóndi á Hóli. Sveinn Einarsson, kaupmaður á Raufarhöfn. Þorst. Þorsteinsson, bóndi á Daðastöðum. Jón Einarsson, kaupm. á Raufarhöfn. Þ. Þorsteinsson, hreppstj. Daðastöðum. Jóhannes Friðbjarnarson, bóndi á Grashóli. Halldór Sigurðsson, bóndi Valþjófsst. Tómas Jónsson, bóndi Arnarstöðum. Stefán Bjarnarson, bóndi Valþjófsstöðum. Jón Magnússon, bóndi Einarsstöðum. Árni Ingimundarson, bóndi Garði. Guðmundur Ingimundarson, bóndi Garði. Sigurður Ingimundarson, Garði. Ingim. Sigurðsson, Svartárstöðum. Siggeir Pétursson, bóndi Oddsstöðum. Helga Sæmundsdóttir, búandi á Leirhöfn. Daníel Illugason, bóndi Beikalóni. Jón Ingimundarson, bóndi á Brekku. Björn Sigurðsson, bóndi á Grjótnesi. Björn St. Guðmundsson, bóndi á Grjótnesi. Vigfús Benediktsson, bóndi Núpskötlu. Stefán Jónsson, Skinnalóni. Guðrún Stefánsdóttir, búandi Harðbak. Daníel Benjamínsson, húsm. Harðbak. Jóhann Baldvinsson, Rifi. Jón Árnason, bóndi Ásmundarstöðum. Jón Guðmundsson, verzlunarmaður á Raufarhöfn. Erlendur Stefánsson, útgerðareigandi á Raufarhöfn. Sigurður Guðmundsson, trésmiður á Grjótnesi. Ísak Friðriksson, Raufarhöfn. Þorbjörg Lund, ábúandi á Raufarhöfn.

4.

**Útdráttur**

úr hreppsbók Presthólahrepps.

Skýrslur

um fiskafla á opnum bátum, dúntekju, fuglatekju og selveiði í Presthólahr.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Árið 1899: | Páll Björnsson, Sigurðarstöðum . . . . | Æðardúnn | 51 | pd. |
| — 1900: | Sami ábúandi s. st. . . . . . . . . | —»— | 51 | — |
| — 1901: | Sami ábúandi s. st. . . . . . . . . . | —»— | 51 | — |
| — 1902: | Skúli Þorsteinsson, Sigurðarstöðum. Dúnninn kvað vera óhreinsaður. | | | |
| — 1903: | Páll Ólafsson, Sigurðarstöðum. Enginn dúnn talinn. | | | |
| — 1904: | Þórarinn Guðnason, Sigurðarstöðum . . | —»— | 25 | — |
| — 1905: | Sami ábúandi s. st. . . . . . . . . | —»— | 28 | — |
| — 1906: | Sami ábúandi s. st. . . . . . . . . | —»— | 30 | — |
| — 1907: | Sami ábúandi s. st. . . . . . . . . | —»— | 35 | — |
| — 1908: | Guðrún Björnsdóttir Sigurðarstöðum . . | —»— | 32 | — |

Réttan útdrátt staðfestir

Hreppstjórinn í Presthólahrepp,
Daðastöðum, 13. júlí 1909.

Þ. Þorsteinsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5.

Ár 1909, þann 14. júlí vorum við undirritaðir staddir á Sigurðarstöðum, til þess samkvæmt bréfi sýslumannsins í Þingeyjarsýslu dags. 12. júní þ. á. og ósk ungfrú Marenar Lárusdóttur í Presthólum með bréfi dags. 15. júní þ. á., að virða nefnda jörð til peningaverðs.

Skjöl þau, sem okkur voru send með nefndum bréfum voru þessi: Úttekt jarðarinnar frá 1895, vottorð frá Halldóri presti Bjarnarsyni á Presthólum um að ekkert kúgildi fylgdi jörðunni og skýrsla yfir eftirgjald eftir Sigurðarstaði árin 1898 til 1908. Ennfremur bréf frá sýslumanninum í Þingeyjarsýslu til ungfrú Marenar Lárusdóttur dags. 12. júní þ. á. Önnur skjöl eða skilríki frá kaupbeiðanda og umráðamanni jarðarinnar voru ekki lögð fram.

Jörðin Sigurðarstaðir liggur vestanvert á miðri Melrakkasléttu í Presthólahreppi. Bærinn stendur fast við sjó. Að sunnan er stöðuvatn alllangt kent við bæinn. Jörðin á mikið land bæði við sjó og til heiðar. Túnið er heldur lítið, en grasgefið, í meðalári gefur það af sér sem næst 50 hesta af töðu. Jörðin hefir mikið slægjuland, en úthey er fremur vont, ennfremur fæst töluvert af töðu úr varplandinu. Útbeit fyrir fé á vetrum er góð til lands og fjörubeit ágæt.

Æðarvarp er á jörðunni. Varplandið er í hólmum í Sigurðarstaðavatni nálægt bænum. Enga skýrslu höfum við í höndum um dúntekju síðastl. ár, en okkur er kunnugt um, að þau 30 til 40 ár sem Magnús sál. Rafnsson og ekkja hans bjuggu á Sigurðarstöðum var dúntekja jarðarinnar árlega frá 50 til 60 pd. Trjáreki er mikill á jörðunni og móum var dúntekja... 

Afgjald af Sigurðarstöðum var í tíð Magnúsar sál. Rafnssonar 15 pd. af hreinsuðum æðardún og virðist skýrsla Halldórs prests Bjarnarsonar yfir afgjald jarðarinnar síðastl. 10 ár vera miðuð við þá landskuld. En þetta afgjald er mikið lægra en viðgengst á nærliggjandi jörðum á síðari árum. Eftir leigumála á jörðum í þessu bygðarlagi álítum við hæfilegt afgjald af Sigurðarstöðum 23 til 24 pd. af æðardún.

Jörðina með húsum og öllum gögnum og gæðum metum við 6600 kr. (sex þúsund og sex hundruð krónur).

Sigurðarstöðum 14. júlí 1909.

Jón Ingimundarson. Björn Sigurðsson.

Tölul. 5.

Lagt fram í aukarétti Þingeyjarsýslu í Húsavík 4. september 1909.
Steingrímur Jónsson.

6.

Hér með sendi eg yður, hæstvirti herra ráðherra:

1. Beiðni til yðar frá Marenu Lárusdóttur, ábúanda kirkjujarðarinnar Sigurðarstaða um að fá þá jörð keypta, ásamt samþykki móður hennar, og byggingarbréf þeirra fyrir jörðunni.
2. Staðfest eftirrit af ályktun sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu um að ekkert sé til fyrirstöðu sölu jarðarinnar.
3. Staðfesta útskrift úr dómsmálabók Þingeyjarsýslu af eiðfesting virðingargerðar á jörðunni, með 5 fylgiskjölum.

Skjöl þessi afgreiddi sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu til mín með bréfi 8. sept. þ. á.

Vil eg nú virðingarfylst leyfa mér að fara nokkrum orðum um sölu jarðarinnar og mat á henni og kost og löst á henni í heild sinni. Eg hefði alls ekki getað verið því meðmæltur að Sigurðarstaðir, sem er eina kirkjujörðin í Presthólaprestakalli, yrðu seldir, hver helzt annar ábúandi þeirra hefði beiðst þess en sá sem nú er, þar að eg, sem beneficiarius Presthólaprestakalls hafi lagalegan rétt til þess að fá hana til ábúðar þegar eg

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hætti prestsskap, en þó þessi ábúandi jarðarinnar kaupi hana, sé eg að eg get átt þar athvarf og samastað í ellinni, og af þeim ástæðum hefi eg ekkert á móti sölunni. Hvað mat jarðarinnar snertir, dylst mér ekki að það er alt of hátt, og úr því jörðin er seld á annað borð, virðist rétt að selja hana með sanngjörnu, en ekki uppsprengdu verði, enda hefir þeirri regln verið fylgt með þær klausturjarðir. er seldar hafa verið hér í sýslu á síðustu árum, og virðist sjálfsagt að fylgja sömu reglu með kirkjujarðir. Það er hreint og beint nýlunda að bændur komist að þeirri niðurstöðu að leigumáli jarða þeirra, er bændur sitja, sé of lágur, en að þeirri niðurstöðu hafa þó umboðsmennirnir komist, að því er Sigurðarstaði snertir. Þetta virðast þeir byggja á þeirri staðhæfing að dúntekjan þar hafi verið í tið Magnúsar Rafnssonar 50—60 pd. Ekki veit eg hvernig þeir geta staðhæft þetta. Eg kom hingað fyrir 25 árum, vorn þá matsmennirnir á unga aldri, og Magnús enn á lifi, og eftir því sem Magnús sagði mér sjálfur, fór dúntekjan aldrei fram úr 40 pd., en minst hefði hún verið eitt harða vorið, þá hefði hún ekki verið næg í landsskuldina. En hvað sem því nú líður, hvort dúntekjan hefir verið mikil eða lítil í tið Magnúsar fyrir 25—40 árum, þá finst mér það ekki skifta máli nú, heldur hvað hún er nú, og hefir verið síðustu árin, um það hefðu matsmennirnir getað fengið áreiðanlegri upplýsingar ef þeir hefðu viljað, en þær, sem þeir hafa fengið um dúntekjuna í tið Magnúsar, en úr því þeir nú ekki hafa fundið köllun hjá sér til að útvega sér þær, þá legg eg hér með staðfestan útdrátt úr búnaðarskýrslum hreppstjórans um hvað dúntekjan var síðastliðin ár, og skal eg jafnframt láta þess getið að síðastliðið sumar var hún 33 pd.

Þá herma matsmennirnir það að Sigurðarstaðir séu alt of lágt leigðir með 15 pd. af dún, í samanburði við landsskuld á öðrum jörðum hér. Eg get ekki kannast við að þeir fari rétt með þetta. Björn, sjálfur matsmaðurinn, hefir $^1/_2$ Grjótnes á leigu og geldur í landsskuld $^1/_3$ af dúninum, að því er sagt mér hefir einn eigandi Grjótness, og þó er Grjótnes, auk þess sem það hefir mjög mikla dúntekju og bezta aflajörð, svo fyrirtaksgóð útigangsjörð, að eg veit ekki til að þá 25 vetur, er eg hefi dvalið hér, hafi þurft að gefa sauðfé nokkurt strá, nema lömbum stundum. $^1/_2$ Skinnalón er leigt fyrir 8 pd. af dún, það og Grjótnes eru taldar beztu varpjarðirnar á Sléttu. Þá vil eg ennfremur nefna Leirhöfn. Þessir sömu matsmenn virtu hana fyrir fáum árum á kr. 2500, og hefi eg ekki heyrt að þeim hafi þótt hún of lágt leigð, hún er þó talin langbezta útigangsjörð hér í hreppnum, hefir ágæta höfn, dálitið æðarvarp og mikla kópaveiði, í sumar fengust þar um 100 kópar. Ég vona að þe[illegible] nægi til að sýna það, að Sigurðarstaðir séu ekki of lágt leigðir í samanburði við aðrar jarðir hér.

Að endingu vil eg segja kost og löst á Sigurðarstöðum, eftir því sem eg hefi bezt vit á. Reki jarðarinnar er langur og fremur rekasæll ef nokkursstaðar rekur, þó ekki í bezta lagi, sökum þess að hann er víkurmyndaður. Þari er þar oft mikill, en ekki góður af því hann er mjög sand- og moldborinn, en hann bregst þegar sízt skyldi, þegar hafátt og harðindi eru, þá teknr hann út. Útbeit er þar góð þegar nær til jarðar, en heldur er þar snjóþungt, því Sigurðarstaðaland er mikið flatlent lægð eða daldrag milli Oddastaðaholta að vestan og Blikalónsdalbrúnar að austan, þarf því oft að gefa fé mikið, en heyið er ilt svo að fé helzt ekki við á því til lengdar, ef það ekki nær í þara með. Varp jarðarinnar er mjög stopult, í fyrsta lagi sökum þess að þegar hart er vorið leysir vatnið svo seint, og fer þá fuglinn í varplöndin til beggja hliða, Blikalóns og Oddstaðavörp, sem hvorttveggja eru lóna og sjáfarvörp, í öðru lagi afrækir fuglinn oft mikið, því stærsti varphólminn, sem nefnist »Flatur« er svo láglendur og votlendur, að þegar rignir að mun, blotnar hann svo mikið, að æðurinn helzt ekki við á eggjunum, jafnvel þó þau séu orðin helunguð. Einn ókostur er mikill á jörðunni, að ómögulegt er að fá þar gott neyzluvatn, því brunnvatn þar er salt og kalkkent, en vatnið í vatninu mjög ríkt af lífrænum efnum, verður því að sækja neyzluvatn austur í Blikalón suma vetur.

Virðingarfylst,

Presthólum, 23. sept. 1909.

Halldór Bjarnarson.

Til ráðherrans yfir Íslandi, Reykjavík.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7.

**Útdráttur**

úr hreppaskilabók Presthólahrepps.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Árið 1904: | Þórarinn Guðnason Sigurðarstöðum . . . . | Æðardúnn | 25 pd. |
| — 1905: | Sami ábúandi s. st. . . . . . . . . . . . | —»— | 28 — |
| — 1906: | Sami ábúandi s. st. . . . . . . . . . . . | —»— | 30 — |
| — 1907: | Sami ábúandi s. st. . . . . . . . . . . . | —»— | 35 — |
| — 1908: | Guðrún Björnsdóttir s. st. . . . . . . . . | —»— | 32 — |

Réttan útdrátt staðfestir

Daðastöðum 22. sept. 1909.

Þ. Þorsteinsson.

8.

**Útdráttur**

úr gerðabók Presthólahrepps.

Ár 1910 þann 18. apríl var aðalfundur fyrir Presthólahrepp haldinn að Oddsstöðum. Fundurinn var löglega boðaður af oddvita og voru allir hreppsnefndarmennirnir mættir og meiri hluti bænda.

7. Skýrði oddviti frá hvað liði um kaupin á jörðinni Sigurðarstöðum og bar málið undir atkvæði fundarins. Var samþykt með öllum atkvæðum, að kaupa jörðina fyrir barnaskólajörð ef kostur væri á að fá hana.

Á. Árnason. Guðmundur Ingimundarson. Siggeir Pétursson.

Björn St. Guðmundsson. Ingim. Sigurðsson.

Réttur útdráttur úr fundargerðinni vottar

Á. Árnason.

9.

**Útdráttur**

úr aðalfundargerð sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu, í Húsavík 25.—27. apríl 1910.

... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ...

12. Lagt fram og lesið stjórnarráðsbréf 10. nóv. f. á. um sölu kirkjujarðarinnar Sigurðarstaða í Presthólahrepp, sem bæði Maren Lárusdóttir og Presthólahreppur hafa beiðst kaups á, og óskar stjórnarráðið að sýslunefndin láti á ný uppi álit sitt um sölu jarðarinnar.

Sýslunefndin lýsir yfir því áliti sínu, að þar sem Presthólahreppur hefir óskað að fá jörðina til skólaseturs, og fyrir því virðist vera mikill áhugi í hreppnum, þá sé sjálfsagt að selja hana ekki ábúanda að sinni, en telur æskilegt, að hreppurinn fái jörðina keypta.

... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ...

Réttan útdrátt staðfestir

Skrifstofu Þingeyjarsýslu, Húsavík, 30. apríl 1910.

Steingrímur Jónsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10.

Eins og hérmeð sendur útdráttur úr fundarskýrslu hreppsnefndarinnar ber með sér, er það skýlaus vilji velflestra hreppsbúa, að halda áfram, með að fá jörðina Sigurðarstaði keypta fyrir hreppinn, til þess að reisa á henni barnaskóla.

Það er sameiginlegt álit flestra hreppsbúa og hreppsnefndarinnar, að það sé afar nauðsynlegt fyrir hreppinn, að eignast jörðina, eigi einungis til skólahalds heldur einnig ef þörf gerist til að stofna þar fleiri grasbýli; það horfir hvergi betur við, að fá bletti til túnræktunar, en þar, og gæti það verið stórt spursmál hvort eigi mætti, að nokkru leiti fyrirbyggja, að efnilegt fólk flytti burt úr hreppnum, til Ameriku og víðsvegar, ef slíkt væri í boði.

Vér viljum því enn á ný, ítreka þá beiðni vora við hið háa stjórnarráð Íslands, að fá jörðina Sigurðarstaði keypta fyrir hreppinn samkvæmt ósk vorri í bréfi $^{18}/_{6}$—09 og um leið og vér skírskotum til álits sýslunefndarinnar á fundi hennar á Húsavík 22.—23. apríl síðastl.

Prepsthólahreppi 12. maí 1910.

Í umboði hreppsnefndarinnar.

Á. Árnason,

hreppsnefndaroddviti.

Stjórnarráð Íslands.

11.

Við undirritaðir hreppsnefndarmenn Presthólahrepps, höfum með bréfi frá sýslumanninum í Þingeyjarsýslu d. s. 26. júlí síðastl., fengið þá tilkynningu frá hinu háa stjórnarráði, að það hafi eigi heimild til, eftir gildandi lögum, að selja jörðina Sigurðarstaði öðrum en ábúanda jarðarinnar.

En þar það er eindregin vilji flestra hreppsbúa, að fá nefnda jörð keypta, handa hreppnum fyrir barnaskólajörð, þá viljum við, af gefnu tilefni, skora á hið háa stjórnarráð, að leggja málið fyrir næsta Alþingi, í því formi sem við á, og þannig reyna að fá lagalega heimild hjá þinginu, til þess að selja Presthólahreppi jörðina, eins og hann hefir beðið um.

Presthólahreppi 20. nóvbr. 1910.

Á. Árnason. Siggeir Pétursson. Björn St. Guðmundsson.
Ingim. Sigurðsson. Guðmundur Ingimundarson.

Stjórnarráð Íslands.

12.

**Halldór Bjarnarson**

prestur á Presthólum í Þingeyjarsýslu

Gerir kunnugt: að eg byggi systur minni Guðrúnu Björnsdóttur og dóttur hennar Marenu Lárusdóttur kirkjujörðina Sigurðarstaði á Sléttu í Þingeyjarsýslu 23 hndr. að dýrleika með öllrm gögnum og gæðum til lands og sjóar, með eftirfarandi skilmálum:

1. gr.

Þær skulu gjalda eftir jörðina 15 pd. af vel verkuðum æðardún á Mikaelsmessu ár hvert, á heimili mínu.



2. gr.

**Þær skulu greiða öll lögskil af jörðunni.**

3. gr.

**Þær skulu halda húsum jarðarinnar í forsvaranlegu standi, og skila þeim, ásamt örðunni, með löglegri úttekt, er þær fara af jörðunni.**

4. gr.

**Þær skulu bæta tún og varp jarðarinnar, sem bezt þær geta.**

5. gr.

**Heimilt er þeim að taka húsfólk, ef það miðar til þess, að bæta tún jarðarinnar, eða vinna upp engjar hennar.**

6. gr.

**Þær skulu verja jörðina fyrir ágangi annara.**

7. gr.

**Reki hval á jörðunni, sem fráskilinn er leiguliðanotum, skulu þær gera landsdrotni aðvart um það.**

8. gr.

**Setu sinni á jörðunni mega þær haga eftir því sem þeim líkar bezt, sitja hana báðar, eða önnur hvor; en báðar skulu þær samt hafa ábyrgð á jörðunni, eins og þær væru einn maður.**

**Bréfi þessu til staðfestu set eg nafn mitt og innsigli undir það.**

**Staddur í Reykjavík 4. ágúst 1907.**

**Halldór Bjarnason.**
**(L. S.)**

**Ofangreinda byggingarskilmála skuldbindm við okkur til að halda.**

**Guðrún Björnsdóttir. Maren Lárusdóttir.**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrverandi

sýslumaður Einar Benediktsson

Reykjavík




Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur